

Nokkuð algengt er að börn gangi í gegnum það tímabil að bíta önnur börn og eflaust finnst okkur ekkert eins leiðinlegt og að heyra að barnið okkar bítur.

Nokkrar ástæður þess að lítil börn bíta önnur börn.

- Þau eru reið
- Þau geta ekki gert sig skiljanleg
- Það er fljótlegra en að koma orðum að því sem þau vilja.
- Þau hafa ekki þolinmæði til að bíða eftir að þeirra óskum sé sinnt.
- Þau fá viðbrögð strax frá umhverfinu.
- Þau upplifa vald sitt þegar önnur börn gráta.

Ráð:

- Vakta þau og stoppa þau áður en þau bíta
- Gefa þeim tíma til að tjá sig svo þau læri að það hafi tilgang.
- Hlusta á þau og leggja sig fram um að skilja þau.
- Auka þolinmæði og úthald þeirra með því að láta þau bíða smástund eftir því sem þau vilja, lengja tímann smátt og smátt þegar enginn er í hættu. Passa samt að ofgera þeim ekki því þá getur ástandið versnað.
- Sinna þeim sem var bitinn, hugga hann og sýna honum athyglina. Gerandinn helst látinn afskiptalaus en samt látinn vita með sem fæstum orðum að svona gerum við ekki. T.d. segja bara „Stopp“ eða „Ekki bíta“.
- Láta gerandann hugga og klappa þeim strax sem var bitinn, til að kenna gerandanum samkennd og að hann læri að setja sig í spor hins.
- **Ekki** fara fram á að gerandinn segi „Fyrirgefðu“ því smábörn skilja ekki orðið en þau skilja frekar klapp og umhyggju.

Athuga að ef barn er látið segja „Fyrirgefðu“ án þess að vita hvað það þýðir þá getur það haldið áfram að valta yfir aðra og heldur að þetta orð gefi þeim rétt til að gera það ef þau enda á því að segja bara „fyrirgefðu“.

Munum bara að þetta er tímabil sem gengur yfir og við þurfum að sýna þolinmæði